

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs
46. fundur, haldinn á bæjarskrifstofum Lyngási, 12. janúar 2012

Mættir: Björn Ármann Ólafsson, Sigrún Blöndal, Jóhann F. Þórhallsson, Skúli Björn Gunnarsson, Skarphéðinn G. Þórisson og Einar Kr. Haraldsson. Jafnframt sátu fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður og Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri þjóðgarðsins.

Dagskrá:

- 1. Dagskrá fundarins kynnt og undirrituð fundargerð síðasta fundar**
- 2. Fjárhagsáætlun 2012**
- 3. Þjóðgarðastofnun, hvað er efst á baugi**
- 4. Tillaga um samgöngur**
- 5. Næsti fundur**
- 6. Önnur mál**

Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 16.10. Gengið var til dagskrár.

1. Dagskrá fundarins og fundargerð síðasta fundar

Björn Ármann formaður fór yfir dagskrá fundarins. Svæðisráðsmenn undirrituðu fundargerð síðasta fundar sem hafði verið samþykkt gegnum tölvupóst.

2. Fjárhagsáætlun 2012.

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstraráætlun fyrir austursvæði þjóðgarðsins árið 2012. Áætlun gjöld eru samtals 49.500.000 kr. Ríkisframlag er 42.000.000 kr. og gert ráð fyrir tekjum upp á 7.500.000 kr., þar af 4.000.000 kr. vegna sölu í Snæfellsstofu. Rætt um einstaka liði og þeir skýrðir. Svæðisráð gerir ekki athugasemd við áætlunina á þessu stigi. Gert er ráð fyrir jafnmörgum starfsmönnum og landvarðarvikum og á síðasta ári og að mati þjóðgarðsvarðar er það fullnægjandi miðað við starfsemina.

Framkvæmdastjóri og þjóðgarðsvörður fóru einnig yfir framkvæmdir sem áætlaðar eru á Austursvæði 2012. Þess er vænst að hægt verði að framkvæma fyrir 12-15 m.kr. Inni í því er engin vegagerð en flestar þær merkingar sem beðið hefur verið eftir ásamt lagfæringu á göngubrú í Kverkfjöllum, stikun og nokkrir stígar ásamt innkaupum á búnaði vegna Snæfellsstofu.

Umræður urðu um forgangsröðun í vegagerð en svæðisráð hefur áður ályktað um að Sauðakofaslóð, Bergkvíslarkofaslóð og Vesturöræfaslóð þarfnist lagfæringa ellegar þurfi að grípa til frekari takmarkana. Sótt verður um fé til framkvæmda í styrkvegasjóð og víðar í samráði við sveitarfélögin. Það er mat svæðisráðs að fremst í forgangsröð sé að laga slóðina frá Háslónsvegi að Sauðakofa.

Svæðisráð gerir ekki athugasemdir við framkvæmdaáætlun á þessu stigi máls.

3. Þjóðgarðastofnun, hvað er efst á baugi

Fyrir fundinum lágu til umræðu drög að greinargerð sem skilað var til umhverfisráðuneytis 22. nóvember og heita „Breytt skipan umhverfisstofnana - þjóðgarðar og friðlýst svæði“. Von er á lokagerð til umhverfisráðuneytis á næstu vikum og að málið verði tekið til umfjöllunar í ráðuneytinu í kjölfar þess.

Formaður gerði grein fyrir því að sveitarstjórnir Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs hefðu fengið drögin til umfjöllunar.

Svæðisráðsmenn lýstu einróma yfir stórum áhyggjum vegna þeirra hugmynda sem koma fram í þessum drögum að greinargerð enda gangi þær þvert á allt sem lagt var upp með við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er varðar stjórnskipulag þjóðgarðsins og aðkomu heimamanna að stjórnun hans. Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Svæðisráð Austursvæðis ítrekar bókun sína frá 3. október um að yfirvöld umhverfismála gefi gaum að bráðabirgðaákvæði í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð um að endurskoðun á stjórnfyrrirkomulagi þjóðgarðsins fari fram eigi síðar en 1. janúar 2013 í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Svæðisráð hvetur umhverfissráðuneytið til að hafa samráð við þá aðila sem komu að undirbúningi að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs áður en lagðar verða fram formlegar tillögur í þessum efnum.

4. Tillaga um samgöngur

Frestað til næsta fundar.

5. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn kl. 16 þann 2. febrúar.

6. Önnur mál

- a) Einar Kr. greindi frá því að til stæði að hann ætti fund með formanni stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs til að ræða um veiðar innan þjóðgarðsins.
- b) Fyrirspurn kom um hvort þjóðgarðurinn væri að kaupa Snæfellsskála en framkvæmdastjóri sagði engar viðræður hafa átt sér stað um það nýlega.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.00.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Sigrún Blöndal

Skarphéðinn G. Þórisson

Einar Kr. Haraldsson